

32. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 04.10 2016, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1

Bréf Jóns Jónssonar hrl. lögmanns dags. 07.09 2016 og afrit af bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 07.09 2016.

3. Félagsþjónustumál
4. Uppbygging á innviðum fyrir rafmagnsbíla á Austurlandi
5. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 29.10 2016
6. Hönnunarsamkeppni um aðstöðu fyrir ferðamenn við Hengifossá
 - a) Samkeppnislýsing
 - b) Samningur við ÁÍ
7. Bréf

Fljótshreppur, tölvupóstur 07.09 2016.

8. Umhverfisstyrkir

Þorvarður og Sólveig, Eyraalandi

9. Fundargerðir

- a) HAUST 21.09
- b) Félagsmálanefnd 21.09
- c) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótshrepps 15.09
- d) Samtök Orkusveitarfélaga 05.09, fundargerð ásamt aðalfundargögnum.
- e) Minjasafn Austurlands 30.08 .

10. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita

Ný gjaldskrá um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu-og þjónustugjöld byggingarfulltrúa, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga í Fljótshreppi, hefur tekið gildi. Hægt er að sjá gjaldskrána á heimasíðu Fljótshrepps www.fljotsdalur.is

Farið var í nokkuð umfangsmiklar aðgerðir við að betrubæta girðingar-og réttaaðstöðu á Egilsstöðum, þar sem fjársafn afréttarinnar Undir Fellum er réttað. Einnig var mokað upp úr 2 ½ dilk í Melarétt og gert við hlaðna vegg í dilkunum. Ekki hefur verið farið í lagfæringar á annarri réttaraðstöðu í Melarétt en í notkun er, en á næsta ári þarf að stækka almenninginn og þá væntanlega að grafa upp úr honum að hluta og lagfæra vegg.

Oddviti sat fund sem Austurbrú boðaði til 29.09. Til umræðu voru ferða-og menningarmál á svæðinu o.fl. því tengt.

HAUST hefur lokið árlegri eftirlitsferð vegna seyrugryfju á Valþjófsstað. Engar athugasemdir voru gerðar. Starfsleyfi er í gildi til 26.07 2021.

Gerðar hafa verið endurbætur á brunni vatnsveitu á Skriðuklaustri sem m.a. þjónar Végarði og gistihúsum við Végarð.

Jafnréttisstofa fagnar því að betri heimtur hafi verið en áður á lögbundnum jafnréttisáætlunum og minnir á árlegan landsfund jafnréttisnefnda. Fljótsdalshreppur hefur sett sér jafnréttisstefnu.

Ríki-og sveitarfélög hafa gert með sér nýtt samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Stýrihópur um aðgerðir gegn ofbeldi , boðar til samráðsfundar á Hótel Héraði 13.10.

2. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1

Bréf Jóns Jónssonar hrl. lögmanns dags. 07.09 2016 og afrit af bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 07.09 2016.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 23.09 2016. Kærufrestur til úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála er einn mánuður.

Bréf Jóns Jónssonar hrl. lögmanns til Fljótsdalshrepps, dags. 07.09 2016 og afrit af bréfi sama lögmanns dags. 07.09 2016, til Skipulagsstofnunar, tekin til umræðu . Oddviti og lögmanni sveitarfélagsins falið að svara bréfitara.

3. Félagsþjónustumál.

Til umræðu er félagsleg þjónusta til íbúa úr Fljótsdal. Þjónustan er veitt á Egilsstöðum þar sem viðkomandi leigir, vegna veikinda íbúð. Um er að ræða heimaþjónustu allt að 22 klst á mánuði, akstur til innkaupa og heimkeyrðir matarbakkar alla daga vikunnar, allt að tillögu félagsmálanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir að Fljótsdalshreppur greiði að fullu heimaþjónustu og akstur til innkaupa fyrir viðkomandi aðila og niðurgreiði jafnframt hvern matarbakka um kr. 550,-. Samþykki sveitarstjórnar gildir til 1. október 2017, en verður tekið til endurskoðunar fyrr, ef aðstæður eða búseta þjónustuþega breytist.

4. Uppbygging á innviðum fyrir rafmagnsbíla á Austurlandi.

Austurbrú, fyrir hönd sveitarfélaga á Austurlandi hefur sótt um styrk til Orkusjóðs vegna uppbyggingar á rafhleðslustöðvum á Austurlandi. Fljótsdalshreppur er þátttakandi í umsókninni og hefur sótt um að setja upp tvo hleðslupolla.

5. **Kjörskrá vegna alþingiskosninga 29.10 2016.** Kjörskrá yfirfarin og oddvita falin undirritun og framlagning. Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Végarði frá og með 19. okt til kjördags.

6. **Hönnunarsamkeppni um aðstöðu fyrir ferðamenn við Hengifossá**

c) Samkeppnislýsing. Kynnt. Skilafrestur tillagna er til 28.11 2016

d) Samningur við ÁÍ. Kynnt. Oddviti hefur undirritað samninginn.

7. **Bréf**

Fljótshálfshérað, tölvupóstur 07.09 2016. Óskað er eftir umsögn Fljótshálfshrepps um tillögu að deiliskipulagi Snæfellskála. Engar athugasemdir eru við tillöguna.

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis

8. **Umhverfisstyrkir**

Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur

Þorvarður kom aftur til fundar

9. **Fundargerðir**

a) HAUST 21.09. Kynnt.

b) Félagsmálanefnd 21.09. Kynnt.

c) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótshálfshrepps 15.09. Kynnt.

d) Samtök Orkusveitarfélaga 05.09, fundargerð ásamt aðalfundargögnum. Kynnt.

e) Minjasafn Austurlands 30.08. Kynnt.

10. **Önnur mál.**

Samþykkt að veita umbeðinn mánaðar greiðslufrest á lokagreiðslu fyrir mannvirki Hallormsstaðaskóla, sem seld voru á síðasta ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.20

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfadóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)